



12. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 20. sept. 1991
kl. 15.00

Mætt: Kári Arnórsson, Halldór Gunnarsson, Sigfús Guðmundsson,
Jón Bergsson, Ingimar Ingimarsson, Kristmundur Halldórsson,
og Sig. Þórhallsson.
Forföll boðuðu Skúli Kristjónsson og Guðmundur Jónsson.
Einnig mættur Gunnar B. Gunnarsson.

Kári setti fund og bauð menn velkomna.

1. Undibúningur ársþings, frh.

Kári greindi frá því að í stað Einars E. Gíslasonar mun Birna Hauksdóttir hafa framsögu um hrossabúskap á ársþinginu. Fjallað var um boðsgesti, tímasetn. og uppsetningu dagskrár, starfsmenn þingsins o.fl.

Kári las upp beinagrind að tillögu um dómaramál (gæðinga og unglinga) sem hann hefur sett saman og fyrirhugað er að stjórnin flytji.

Talsverðar umræður spunnust um þessi mál.

2. Framkv.stjóri lagði fram nokkra minnisþunkta um samþykktir síðasta ársþings og stórnarfundu á starfstímabilinu, fundarmönnum til fróðleiks og upprifjunar.

3. Gunnar Gunnarsson lagði fram og gerði stuttlega grein fyrir bráðabirgðauppgjöri ársreikninga fyrir árið 1990. Útkoman sýnist vera góð 1,5 millj. í hagnað. Ákveðið að afskrifa gamla skuld Hestsins Okkar að upphæð kr. 743.535,35.

4. Kári ræddi um málefni Reiðhallar. Rætt er um að reyna að taka hana á leigu til lengri tíma, 4-5 ár. Reiðskólinn h.f. hefur áhuga á byggingu hesthúsa við Reiðhöllina ef leyfi fæst frá eigendum. Þetta mál er í skoðun.

5. Sigurður Þórhallsson lagði fram yfirlit yfir rekstur L.H. til 20. sept. 1991.

6. Kári kom inn á erindi Reiðskólans vegna hárrar gjaldtöku F.T. fyrir reiðkennslu, skipulag og fleira. Taka þarf ákvörðun um það hvort, og á hvern veg samningur við F.T. verður endurnýjaður, þegar þar að kemur. Einnig var rætt um tryggingamál í tengslum við reiðnámskeið.

7. Aðalfundur Landverndar verður haldinn í Munaðarnesi 13. okt. n.k. Ákveðið var að fara þess á leit við Skúla í Svignaskarði og Sigbjörn Björnsson að sitja fundinn, en L.H. hefur rétt til að senda tvo fulltrúa.

8. Kári lýsti þeirri skoðun sinni að tvö meginverkefni stjórnar L.H. á komandi starfsári, eða í nánustu framtíð séu reiðvegamála og erindarekstur við félögin. Einnig nefndi hann æskulýðsmál en Kolbrún Kristjánsdóttir hefur sagt starfi sínu lausu og liggur fyrir að finna einhvern eða einhverja í hennar stað. Huga þarf að skipulagi þessara mála.
9. Rætt var um þinghald annað hvort ár og væntanlega tillögu þess efnis.

Fundi slitið kl. 18:45.

Kári Arnórsson
Gunnar B. Gunnarsson
Sigfús Guðmundsson
Jón Bergsson

Ingimar Ingimarsson
Halldór Gunnarsson
Elísabet Þ. Þórólfsd.
Kristmundur Halldórsson.